

**Námsvísir í tónmennt í 5.bekk**

Kennari:	Sesselja Guðmundsdóttir
Tímafjöldi	40 mínútur, hálf skólaár, hálfur bekkur í einu
Grunnþættir menntunar	Sköpun Tónsmíðar og textagerð fela í sér ígrundun, gagnrýna hugsun og sjálfsmat. Læsi Söngtextar notaðir til að æfa lestur og efla lesskilning, hugtakaskilning og orðaforða. Nótalestur kynntur. Jafnrétti Fjölmennning og kynjajafnrétti - öll börn eiga rétt á að njóta sín í tímum. Heilbrigði og velferð Unnið með hreyfingu, núvitund, slökun, samvinnu, virðingu og sköpun. Lýðræði og mannréttindi Virðing fyrir ólíku fólki, stíl og skoðunum, að taka ábyrgð á eigin framlagi í hópnum. Sjálfbærni Virðing fyrir, og þekking á fjölbreytileika mannlífs og menningar.
Lykilhæfni úr námskrá	Tjáning og miðlun Við lok skólaárs getur nemandi; tekið þátt í samræðu undir stjórn kennara og tjáð skoðanir sínar; unnið listrænt verkefni þar sem form og innihald tjá hugmynd eða upplifun; veitt athygli því þegar kennari talar, tekið þátt með því að spyrja spurninga og svara þeim út frá umræðuefninu; virt skoðanir annarra Skapandi og gagnrýnin hugsun Við lok skólaárs getur nemandi; lagt til fleiri en eina mögulega lausn í verkefnavinnu; komið auga á sameiginlega þætti ólíkra námsgreina; nýtt hugmyndaflug sitt til nýsköpunar; tekið endurgjöf frá kennara og starfsfólki og nýtt að einhverju leyti til framfara; fært rök fyrir ólíkum skoðunum sínum; greint aðalatriði frá aukaatriðum Sjálfstæði og samvinna Við lok skólaárs getur nemandi; unnið sjálfstætt eftir leiðsögn frá kennara og reynt að finna lausn áður en hann biður um aðstoð; unnið í blönduðum hópum og lagt sitt af mörkum í verkefnavinnu; gert sér grein fyrir til hvers er ætlast af honum í námi og hagað sér í samræmi við það; borið ábyrgð á eigin framkomu, sýnt jafningjum tillitssemi og þannig verið þátttakandi í góðum skólabrag; sýnt jákvætt viðhorf til endurgjafar Ábyrgð og mat á eigin námi Við lok skólaárs getur nemandi; sýnt þrautseigju og gefst ekki upp þegar hann mætir áskorun; skilið muninn á fastmótuðu hugarfari og hugarfari vaxtar; metið gæði eigin vinnu með stuðningi frá kennara og einföldum viðmiðum um árangur;
Kennsluaðferðir	Tónlistariðkun, hlustun, sköpun, tjáning, bein kennsla, jafningjafræðsla, hreyfing og dans.
Hæfniviðmið úr námskrá	Nemandi: getur meðvitað nýtt blæbrigði eigin raddar í söng fyrir áheyrendur

Námsmat

[illegible]